



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um menntamál

Hvernig er hægt að efla menntun í atvinnulífinu og gera fólki kleift að flytja sig á milli starfa?

Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra, sem misst hafa vinnuna, til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum.

Tryggja verður jafnræði allra landsmanna til almennrar menntunar og sí- eða endurmenntunar, óháð kyni, aldri, fjárhag og búsetu. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum ófaglærðra og þeirra sem minnsta menntun hafa.

Gefa skal starfsmenntun meira vægi innan menntakerfisins. Þetta á ekki hvað síst við um starfsmenntun fiskvinnslufólks. Auka þarf kynningu á starfsmenntun í grunnskólum. Efla verður símenntun í fyrirtækjum m.a til að auka möguleika starfsmanna á að flytja sig milli deilda og takast á við ný störf. Leggja skal meiri áherslu á tungumálanám til að auðvelda fólki að fara á milli landa til starfs og náms. Samræma þarf mat á óformlegu og formlegu námi og auka þar með möguleika ófaglærðra til náms og starfsþróunar. Meta þarf námskeið til eininga og launahækkana.

Bæta þarf möguleika fólks til að sækja nám með vinnu, m.a. þarf að gera fólki kleift að taka launalaus námsleyfi. Þeir sem orðnir eru 25 ára eða með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms. Kynna þarf starfsmenntasjóðina fyrir starfsfólki og atvinnurekendum. Bæta þarf samvinnu atvinnuleitenda, stéttarfélaganna og atvinnurekenda. Horfa til Norðurlandanna með nemendaskipti. ASÍ verðlauni fyrirtæki sem standa sig vel í sí- og endurmenntun.

Stefna ASÍ

- Tryggja þarf jafnræði til náms óháð kyni, aldri, fjárhag, búsetu og þjóðerni.
- Kynna starfsnám í grunnskólum, auka umfang og fjölbreytni verkþjálfunar og breyta viðhorfum til þess.
- Auka tengsl skóla og atvinnulífs.

- Verja menntakerfið.
- Þeir sem orðnir eru 25 ára eða með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms.
- Réttur til námsleyfa.
- Gæðavotta námskeið svo þau nýtist til framhaldsnáms.
- Auka raunfærnimat.
- Fólk haldi sínum námskeiðsréttindum milli starfa.
- Að námskeið/menntun veiti umbun í launum.

Verkefni ASÍ:

- Breyta hugarfari gagnvart iðn- og verknámi. Kynna starfsnám og þá möguleika sem það opnar á vinnumarkaði.
- Opna á möguleika langtímaatvinnulausra til að hefja nám án þess að missa bætur.
- Samninga við stjórnvöld og atvinnurekendur um jafnræði til náms.
- Samninga við stjórnvöld um útvíkkun á námslánnum.
- Samninga við stjórnvöld um samræmt gæðamat á námskeiðum.
- Standa vörð um raunfærnimat.
- Hvetja atvinnurekendur til að opna frekar á að starfsfólk geti tekið launalaust námsleyfi.
- Gera sí- og endurmenntunarstarfi í fyrirtækjum hátt undir höfði með því að verðlauna fyrirtækin.